

Leiðbeiningar til umsækjanda um starfsleyfi varðandi gerð grunnástandsskýrsla

– spurt og svarað

Hvað er grunnástandsskýrsla?

Skýrsla um grunnástand er hluti af því sem ber að skila þegar sótt er um starfsleyfi hjá Umhverfisstofnun og þegar starfsleyfi er uppfært. Frá og með 1. júlí 2018 hefur verið lögð skylda á rekstraraðila sem hefur umsjón með tilteknum atvinnurekstri sem sækir um starfsleyfi að taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært. Skýrsla um grunnástand skal innihalda upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að ákvarða stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar þannig hægt sé að gera magnbundinn samanburð við stöðuna þegar starfsemin er stöðvuð.

Hversu oft þarf að gera grunnástandsskýrslur fyrir hverja staðsetningu?

Grunnástandsskýrsla þarf aðeins að gera einu sinni fyrir sama rekstur á hverri staðsetningu. Þó með fyrirvara um að Umhverfisstofnun hafi samþykkt skýrsluna sem fullnægjandi.

Hvað er gert við grunnástandsskýrslur?

Umhverfisstofnun er skylt að senda skýrslu um grunnástand til viðkomandi sveitarstjórnar. Skýrslunni er ætlað að skýra frá rannsókn á stöðu jarðvegs- og grunnvatnsmengunar á þeim tíma sem skýrslan er gerð og gera grein fyrir sögu svæðisins og tilurð þess mengunarástands sem þar er. Þegar nýtingu svæðisins lýkur skal vera hægt að endurtaka rannsóknina og sjá af mikilli nákvæmni hvort reksturinn hafi valdið mengun svæðisins.

Af hverju þarf að skila grunnástandsskýrslu?

Þegar kemur að því að starfsemi ljúki á starfssvæðinu verður skýrsla um grunnástand notuð til viðmiðunar við að finna út hvort ástand lóðar hafi raskast á meðan á rekstrinum stóð og hvað sá rekstur mengaði mikið. Með þessu verður ábyrgð á menguninni mun skýrari.

Skýrslan um grunnástand skal vera hagnýtt tæki sem gerir kleift, eftir því sem unnt er, að bera saman magnbundið stöðu svæðisins eins og því er lýst í skýrslunni og stöðu svæðisins eftir að starfsemi er endanlega hætt til að komast að raun um hvort umtalsverð aukning hafi orðið á mengun í jarðvegi eða grunnvatni.

Þarf alltaf að skila grunnástandsskýrslu? Hvað gerir Umhverfisstofnun ef grunnástandsskýrslu er ekki skilað þegar sótt er um starfsleyfi?

Umhverfisstofnun tekur við umsókn um starfsleyfi og metur hvort öllum gögnum sem máli skipta hafi verið skilað. Hafi grunnástandsskýrsla ekki fylgt með umsókninni metur Umhverfisstofnun hvort ástæða sé til þess vegna þess rekstrar sem um ræðir og hvort möguleiki geti verið á langvarandi grunnvatns- eða jarðvegmengun. Meti Umhverfisstofnun það sem svo að hætta gæti verið á mengun grunnvatns eða jarðvegs vegna þeirrar starfsemi sem sótt er um starfsleyfi fyrir, mun stofnunin fara fram á skýrslu og verður umsækjandi þá að bæta skýrslunni við starfsleyfisumsókn sína.

Hvað einkennir starfsemi þar sem mjög lítil hætta er á grunnvatns- og jarðvegmengun?

Ef efnanotkun í starfseminni samanstendur ekki af efnum sem eru lengi að brotna niður í náttúrunni og svo hefur verið allan þann tíma sem reksturinn hefur staðið yfir er ekki sennilegt að grunnvatn eða jarðvegur hafi mengast. Minnkandi hætta er á mengun er einnig ef mengunarvarnir eru góðar. Efni sem eru hættuleg almennt séð valda ekki endilega jarðvegs- og grunnvatnsmengun. Til dæmis mun sprengifimt gas á borð við bútan sem geymt er í þrýstítanki yfir jörðu ekki skipta máli í sambandi við mengun jarðvegs eða grunnvatns.

Hver eru helstu skrefin við gerð grunnástandsskýrslna?

Í stuttu máli eru þau eftirfarandi:

- 1) Bera kennsl á þau efnasambönd sem eru hættuleg eða varasöm og eru notuð, framleidd eða losuð á starfsstöðinni.
- 2) Finna út hvaða efnasambönd gætu hafa valdið mengun. Hér er eingöngu litið til mengunar jarðvegs eða grunnvatns.
- 3) Meta hvaða möguleg mengun gæti hafa orðið á svæðinu/staðnum.
- 4) Rekja sögu svæðisins. Meðal annars hvort óhöpp hafi þegar orðið.
- 5) Gefa yfirlit yfir einkenni lóðar varðandi staðsetningu, landslag og aðrar aðstæður á svæðinu.
- 6) Fara yfir helstu einkenni jarðvegs á lóðinni.
- 7) Gefa yfirlit yfir rannsóknir sem gætu þegar verið til á mengun lóðarinnar. Ef ekki eru til fullnægjandi nýlegar rannsóknir sem gefa góða mynd af mengunarástandi jarðvegs og grunnvatns, þarf að gera þær rannsóknir í tengslum við skýrsluna og skila niðurstöðum undir þessum lið.
- 8) Gerð grunnástandsskýrslu. Þar sem gerður er útdráttur fyrir skref 1-7.

Er mögulegt að sleppa mælingum á rekstrarstað en skila samt skýrslu?

Aðstæður geta í sumum tilfellum verið þannig að hægt sé að meta það svo að um sé að ræða nánast óraskaðan jarðveg og litla sem enga hættu á grunnvatnsmengun eftir farið hefur verið yfir fyrstu þrjú skrefin sem lýst er hér að framan. Ef svo er, er að fengnum þremur fyrstu skrefunum ekki þörf á frekari skýrslugerð. Rétt er að benda á að í slíkum tilfellum er rekstraraðili að lýsa sig ábyrgan fyrir allri þeirri mengun jarðvegs og grunnvatns sem kann að finnast á svæðinu nema sýnt sé sérstaklega fram á annað.

Hér ber að vekja athygli á því að ef breytingar verða síðar gerðar á starfseminni gæti það leitt til þess að rekstraraðili þurfi síðar að gera grunnástandsskýrslu.

Eru til ítarlegar leiðbeiningar um gerð grunnástandsskýrslna?

Birtar hafa verið leiðbeiningar í "Official Journal of the European Union" sem heita "COMMUNICATION FROM THE COMMISSION - [European Commission Guidance concerning baseline reports under Article 22\(2\) of Directive 2010/75/EU on industrial emissions](#)". Leiðbeiningarnar gagnast þeim sem vilja taka að sér að gera grunnástandsskýrslur. Í þeim er farið ítarlega yfir hvernig framkvæma á hvert skref fyrir sig.